Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um að viðauki við lyfjaskrána skuli í lög leiddur á Islandi, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 2. septbr. 1898 (A. nr. 16, bls. 62—63).

Brjef ráðgjafans fyrir Island *til landshöfðingja* **um þingsályktun um frímerki.** 93

Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 18. nóvbr. f. 8. septbr á., sent hingað þingsályktun um frímerki, samþykkta af báðum deildum alþingis 1897, og er þingsályktunin þannig:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða verðtalan sett eigi aðeins í miðjuna, heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd«.

Hafið þjer í áðurnefndu brjefi yðar, með skírskotun til brjefs ráðaneytisins frá 10. oktbr. 1896 (Stj.tíð. 1896, B. bls. 218—220), tekið það fram, að, með því að hin umrædda ráðstöfun virðist miða aðeins til þess að útvega landssjóði aukalegar tekjur, virðist umgetin þingsályktun þannig vaxin, að hún verði eigi tekin til greina, samkvæmt því, sem sagt er í áðurnefndu brjefi ráðaneytisins.

Ráðaneytið hefir skrifazt á við aðalstjórn póstmálanna og hefir hún skírskotað til viðauka við II. kafla 1. gr. 1. málsgrein í heimspóstsamþykktinni, sem samþykktur var á póstfundinum í Washington, til þess að koma í veg fyrir upptöku nýrra frímerkja, þegar breytingin væri eigi gjörð til póstþarfa eða af öðrum gildum ástæðum. Hin umgetna 1. málsgrein í 1. gr. II. kafla póstsamþykktarinnar er þannig:

> »Frígerð hverskonar sendinga á sjer því aðeins stað að notuð sjeu þau póstfrímerki, er út eru gefin til almennra póstsendinga í landi því, er sendingin er frá því«.
>
> Viðaukinn við þetta ákvæði er þannig.
>
> »Þó er ekki heimilt, að nota í milliríkjapóstþjónustunni póstfrímerki, er gefin eru út af ástæðum, sem aðeins snerta það land, er frímerkin eru gjörð í því, svo sem hin svokölluðu minningarfrímerki (jubíleumsfrímerki), er aðeins eiga að gilda um tíma, og því um líkt«.

Samkvæmt þessu hefir aðalstjórn póstmálanna látið það álit sitt í ljósi, að eigi beri að sinna áskorun alþingis, að því viðbættu, að hin danska póststjórn geti eigi fremur veitt aðstoð sína við gjörð þeirra frímerkja, sem hjer er um að ræða, heldur en við frímerkjagjörð þá, er fyrirhuguð var 1895, og um er rætt í áðurnefndu brjefi ráðaneytisins.

Með því að ráðstöfun sú, er alþingi óskar eptir, eigi miðar til póstþarfa,

24. dag oktbr.m. 1898.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja

93 8. sept. eptir því sem sjá má af umræðunum á alþingi, nje yfir höfuð til neins annars en að auðga landssjóð og einstaka frímerkjakaupmenn og safnendur, þá verður og ráðaneytið að halda fast við skoðun þá, er fram er sett í brjefi þess frá 10. oktbr. 1896, að ekki megi nota þannig, sem hin umrædda þingsályktun ætlast til, rjett þann, er Ísland hefir sem sjálfstætt póstland til að gefa út eigin frímerki og að hin umgetna þingsályktun sje því eigi þannig vaxin, að hana eigi að taka til greina.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi hefir í sumar eptir löglega meðferð samþykkt þingsályktun, er með henni er skorað á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, sem að einhverju leyti sje frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða að verðtalan verði sett eigi að eins í miðjuna heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða hinum núgildandi frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera hin núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd.

Jafnframt því að senda hjermeð umgetna þingsályktun eins og hún kom frá alþingi og í danskri þýðingu, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að, með því að tilgangur hinnar umræddu ráðstöfunar virðist vera að eins sá, að útvega landssjóði sjerstakar tekjur með sölu hinna nýju frímerkja til frímerkjasafnenda, virðist umgetin þingsályktun samkvæmt því, sem tekið er fram í hæstvirtu brjefi hins háa ráðaneytis frá 10. oktbr. f. á., eigi vera til þess fallin að takast til greina.

94 12. septbr. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Árnessýslu (á Eyrarbakka) vil jeg hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

95 26. septbr. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um skilning á 17. gr. laga nr. 8 frá 13. apríl 1894.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m.,